

Stefna um upplýsingaöryggi

Brúar lífeyrissjóðs



1.gr. Markmið

Markmið stefnunnar er að tryggja öryggi gagna og að upplýsingakerfi sjóðsins nýtist á skilvirkan og hagkvæman hátt fyrir sjóðfélaga og rekstur hans.

2.gr. Umfang

Stefnan gildir fyrir alla starfsemi sjóðsins og er bindandi fyrir starfsfólk sjóðsins og þjónustuaðila hans sem felst í að;

- fylgja þeim lögum og reglum sem eru í gildi hverju sinni um stjórnun upplýsingaöryggis og meðferð upplýsinga,
- tryggja að viðbúnaðaráætlun sé uppfærð árlega,
- tryggja að verkferlar um breytingastjórnun á upplýsingakerfum eru uppfærðir árlega,
- stuðla að virkri öryggisvitund starfsfólks með fræðslu og leiðbeiningum,
- framkvæma reglulega áhættugreiningar og úttektir til að meta þörf á breytingum á stefnunni,
- tryggja sem best öryggi og áreiðanleika gagna,
- yfirfara reglulega þjónustu- og vinnslusamninga við útvistunaraðila upplýsingakerfa

3.gr. Eftirfylgni

Framkvæmdastjóri, fyrir hönd stjórnar, ber ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt. Sjóðurinn leitast við að tryggja að starfsfólk hans og þjónustuaðilar upplýsingakerfa fylgi staðli ISO/IEC 27001:2013 – Stjórnkerfi upplýsingaöryggis og nýti hann sem grundvöll skipulags og viðhaldsaðgerða til að tryggja að stefnu þessari sé framfylgt. Starfsfólki er séð fyrir fullnægjandi þjálfun og fræðslu varðandi upplýsingaöryggi svo öllum sé ljós ábyrgð sín.

4.gr. Gildistaka og birting

Stjórn sjóðsins samþykkir stefnuna og staðfestir með undirritun sinni. Endurskoða skal stefnuna eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega. Stefnuna skal birta á heimasíðu sjóðsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 19. júní 2023